


## Um nýtingu frístundastyrks/tómstundastyrks

Sveitarfélagið Hornafjörður veitir foreldrum barna 6-18 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, tómstundastyrk að upphæð kr. 50.000- á ári. Tómstundastyrkur er veittur vegna þátttöku barna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, þar með talið nám í Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Með tómstundastyrknum má greiða að fullu, eða hluta fyrir íþrótt-, lista- og/eða aðra tómstundastarfsemi sem samþykkt hefur verið inn í Nora tómstundastyrkjakerfi sveitarfélagsins. En öll íþrótt- og tómstundatilboð þurfa að uppfylla reglur um tómstundastyrk til þess að fá skráningu þar.

Allar deildir Umf. Sindra eru með íþróttaframboð sín skráð í kerfið og hafa foreldrar barna sem stunda íþróttæfingar notað kerfið til að nýta tómstundastyrkinn þegar þeir greiða æfingagjöld til félagsins. Nú færast skólagjöld við Tónskólann einnig inn í Nora tómstundakerfið svo foreldrar nemenda við skólann þurfa að skrá sig þar inn og velja að nýta tómstundastyrkinn til niðurgreiðslu á skólagjöldunum.

### Dæmi:

Skráning á námskeið

 **Íðkandi** [Redacted]

[Skráning](#) [Staðfesting](#) [Yfirlit](#)

Námskeið: Sumarönn

Deild/Flokkur: Knattspyrnudeild Sindra yngri / 5. fl kk > KK > 10 - 12

Forráðamaður: [Redacted]

Tímabil: 01.06.2018 - 31.08.2018

Athugasemd  
Einhverjar sérþarfir sem umsjónarmenn námskeiðsins þurfa að vita af, ofnæmi, greining, strokugírni o.þ.h.?

0 / 150  
Verð  
28.600 kr.

Nota Frístundastyrk Hornafjarðar  
 Já  Nei

BREYTA Frístundastyrkur 24.000 kr.

Samtals 4.600 kr.

Greiðslumáti: Greiðsluseðill Fjöldi greiðslna: 1

TIL BAKA Sjá skilmála Samþykki skilmála ÁFRAM

**ATH** - Ekki er lengur hægt að greiða í banka og framvísa greiðslukvittun í afgreiðslu ráðhússins. Ef foreldrar gleyma að haka við nýtingu frístundastyrks/tómstundastyrks missa þeir þar með af tækifæri til að nýta styrkinn í það sinn því Nora tómstundakerfið býður ekki upp á leiðréttingu heldur þarf að nýta styrkinn seinna fyrir annað námskeið.

**Foreldrum er bent á að ónýttir styrkir fynrast um hver áramót.**

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
Ragnildur Jónsdóttir  
Fræðslustjóri